



Ingibjörg Ósk Sigurðardóttir ver doktorsritgerð sína í menntavísindum við Deild kennslu- og menntunarfræði, Háskóla Íslands:



Preschool teachers' professional development through collaborative action research: Creating mutual understanding and professional language about values and values education

Starfspróun leikskólakennara í gegnum samstarfsrannsókn: Að skapa sameiginlegan skilning og fagmál um gildi og gildamenntun

Vörnin fer fram föstudaginn 1. febrúar kl. 13.00 í Hátíðasal Háskóla Íslands.

Andmælendur eru dr. Margaret Riel, forstöðumaður Center for Collaborative Action Research, Pepperdine University, Malibu, Bandaríkjunum, og dr. Liora Bresler, prófessor við University of Illinois.

Leiðbeinandi var dr. Jóhanna Einarsdóttir, prófessor á Menntavísindasviði, og meðleiðbeinandi dr. Pia Williams, prófessor við Háskólann í Gautaborg, Svíþjóð.

Auk þeirra sat í doktorsnefnd dr. Anna-Maija Puroila, dósent við Háskólann í Oulu, Finnlandi.

Dr. Jónína Vala Kristinsdóttir, prófessor og forseti Deildar kennslu- og menntunarfræði Menntavísindasviðs, stjórnar athöfninni.

Allir velkomnir

Um verkefnið (200 – 250 orð)

Rannsóknin var samstarfsrannsókn (e. *collaborative action research*) og stóð gagnaöflun yfir í tvö ár. Meginmarkmiðið var að skapa nýja þekkingu á þeim gildum sem leikskólamenntun byggir á. Einnig var markmiðið að skapa þekkingu á aðferðafræði starfendarannsókna. Höfundur vann með sjö leikskólakennurum í einum leikskóla, sem lögðu áherslu á eigin starfsþróun í tengslum við verkefnið. Meginrannsóknarspurningin var þessi: Hvernig getur samstarfsrannsókn stutt við starfsþróun leikskólakennara? Doktorsritgerðin samanstendur af fjórum greinum sem hafa verið birtar, sem þrjár tímaritsgreinar og bókarkafli. Í fyrstu greininni er fjallað um þau lífsgildi sem leikskólakennurum fannst mikilvægt að kenna börnum í leikskólanum og hvers vegna þau gildi þóttu mikilvæg. Einnig er fjallað um hvaða augum leikskólakennararnir litu eigið hlutverk við miðlun þeirra gilda. Í annari greininni er fjallað um það hvernig leikskólakennararnir miðluðu þeim gildum sem þeim þóttu mikilvægust. Þriðja greinin varpar ljósi á hvernig leikskólakennararnir þróuðu sig faglega með þátttöku sinni í samstarfsrannsókninni og einnig hvernig þeir upplifðu kosti þess og galla að taka þátt. Loks var í fjórðu greininni rýnt í hvernig hlutverk rannsakanda mótaðist meðan á rannsóknarferlinu stóð.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að aðferðafræði samstarfsrannsókna reyndist hafa rík áhrif á starfsþróun leikskólakennaranna þegar þeir unnu með gildi.

Leikskólakennararnir völdu að leggja áherslu á gildi sem þeir tengdu við félagsfærni og sömuleiðis fannst þeim mikilvægt að börnin yrðu félagslega sterkir einstaklingar.

Enska (200 – 250 orð)

The study was collaborative action research (CAR) and lasted for 24 months. The overall aim was to create new knowledge on values education in early childhood education and on the methodology of CAR. The author worked in close collaboration with seven preschool teachers in one Icelandic preschool, who focused on their own professional development in relation to values education. The main research question that guided the study was *How can collaborative action research support preschool teachers' professional development in relation to values education?* The thesis consists of four empirical studies that have been presented in four research papers. The first paper focuses on what values the preschool teachers found important to teach the children in the preschool and why these values were seen as important. The focus was also on how the preschool teachers saw their own role as values educators. The second paper focuses on how the preschool teachers communicated the values they found important to the children. The third paper focuses on how the preschool teachers learned and developed professionally through participating in CAR and how they experienced the advantages and challenges of the process. The fourth paper focuses on how the researcher's role was constructed during the process.

The findings of the study show that the CAR methodology proved to be effective for professional development in relation to values education. The preschool teachers chose to focus on values related to social skills and found it important to make the children socially competent.

Um doktorsefnið (150–200 orð)

Ingibjörg Ósk útskrifaðist sem leikskólakennari árið 2002 frá Háskóla Íslands. Hún lauk einnig meistaraprófi í menntunarfræði árið 2010 frá sama skóla. Ingibjörg starfaði sem leiðbeinandi í leikskólum með grunnnáminu og sem leikskólakennari að því loknu, allt þar til hún hóf meistaranám árið 2007. Ingibjörg hefur tekið þátt í ýmsum rannsóknarverkefnum sem tengjast leikskólastarfi, einkum á vegum Rannsóknarstofu í menntunarfræði ungra barna (RannUng). Í doktorsnámi sínu hefur Ingibjörg verið hluti af Norrænum rannsóknarhópi sem rannsakaði gildi í norrænu leikskólastarfi. Einnig var Ingibjörg gestastúdent við Gautaborgarháskóla fyrstu tvö árin af doktorsnáminu. Ingibjörg starfar nú sem aðjunkt við Menntavísindasvið og kennir leikskólakennaranemum. Hún situr einnig í stjórn RannUng.

Ingibjörg Ósk fæddist á Hornafirði árið 1974 en býr nú í Reykjavík. Hún er gift Halldóri Steinari Sigurðssyni véliðnfræðingi og eiga þau þrjá syni, Sigurð Bjarma, Tómas Orra og Steinar Kára.